

Nd.

430. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta á mörgum fundum, kynnt sér umsagnir um frv. um sama efni, er bárust í fyrra, og enn fremur allmörg erindi, sem henni og einstökum nefndarmönnum hafa borist á yfirstandandi þingi. Hafa nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl., sem skipaður er undirrituðum alþingismönnum, leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, og flytur nefndin breytingartillögur þar um á sérstöku þingskjali. Enn fremur áskilja þeir, sem meiri hlutann skipa, sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum. Minni hl. (MK) mun skila séráliti, og Karvel Pálmason hefur fyrirvara um fylgi við 9. gr. 1.

Almennt mun viðurkennt, að þörf sé löggjafar um þau efni, sem frv. þetta fjallar um. Kona, sem æskir fóstureyðingar, þarf að vita hvaða aðstæður veita henni rétt til þess að fá hana framkvæmda, og sá læknir, er aðgerðina framkvæmir, verður einnig að styðjast við lög og reglur.

Hér á landi er löggjöf um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir gömul og úrelt á margan hátt. Lög nr. 38/1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sltt, hera þessu ljósan vott. Í löggjöf þessa vantar ítarleg ákvæði um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir, sem bæta þarf úr og gera á með lögfestingu I. kafla þessa frv.

Að dómi nefndarmanna er þörfin fyrir nýja lagasetningu ótvíræð. Ágreiningurinn í nefndinni lýtur eingöngu að II. kafla frv. um fóstureyðingar.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir, að fóstureyðing að ósk konu væri heimil að uppfylltum vissum skilyrðum, sbr. 9. gr. 1. tölul. (95. mál). Þetta ákvæði olli miklum deilum innan þings og utan. Mikill meiri hluti þeirra umsagna um frv., er heilbrigðis- og trygginganefnd bárust, var andvígur þessu ákvæði og vitað var um mikla andstöðu gegn því á Alþingi. Frv. náði því ekki fram að ganga á því þingi.

Hinn 1. nóv. s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd þriggja manna til þess að endurskoða frv. og undirbúa endurframlagningu þess. Nefndin varð sammála um nokkrar breytingar á upphaflega frv. og lýtur sú veigamesta að 9. gr. þess. Í stað heimildar til fóstureyðingar að ósk konu er nú lagt til, að fóstureyðingar skuli heimilar af félagslegum ástæðum einum saman, og talin upp nokkur atriði, sem taka skal tillit til við mat á aðstæðum. Skilyrði fóstureyðingar er nú sem hingað til vottorð tveggja lækna eða vottorð læknis og félagsráðgjafa, sé hann til staðar í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Þrátt fyrir þetta ákvæði er ljóst af orðalagi 1. tölulíðar 9. gr., að allt frumkvæði að fóstureyðingu er hjá konunni sjálfri og um endanlegan úrskurð læknis ber fyrst og fremst að miða við mat konunnar á eigin aðstæðum og gildandi lagareglum.

Að mati undirritaðra mun samþykkt 9. gr. frv., eins og hún er nú, hafa í för með sér rýmkun á heimild til fóstureyðinga frá gildandi lögum. Með frv. er reynt að tryggja einfalda og skrifinnskulitla aðferð við að fá fóstureyðingu framkvæmda, hvar sem konur eru búsettar á landinu, og samræmda framkvæmd um land allt.

Miðað við þessar forsendur og ýmsar fleiri, sem vikið verður að í framsögu, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Jón Skaftason,
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.

Karvel Pálmason.